



RÁÐHÚSIÐ Á AKUREYRI

VIÐBYGGING OG ENDURBÆTUR

Tilaga 18427

RÁÐHÚSIÐ Á AKUREYRI

VIÐBYGGING OG ENDURBÆTUR

Höfuðstaður Norðurlands er glæsilegur og blómlegur bær. Hann iðar af mannlífi allan ársins hring og er miðstöð athafnalífs og þjónustu. Hið nýja Ráðhús setur svip sinn á bæinn og markar mikilvægan áfanga í sögu Akureyrar, en bærinn hefur vaxið mikið á undanförunum árum og hefur umsýsla og þjónusta við bæjarbúa aukist. Nú er einstakt tækifæri til þess að skapa Ráðhús framtíðarinnar, með sveigjanleika og heimilislegan blæ fyrir starfsmenn og skilvirka og góða þjónustu fyrir bæjarbúa. Ráðhúsið öðlast þá meira gildi og tengist betur bænum. Hið nýja Ráðhús getur orðið fyrirmynd sem framúrskarandi vinnustaður hvað varðar þægindi, öryggi, aðgengi, hljóðmál og birtu.

Leiðarljós

- Meginmarkmið tillögunnar er að hanna vandað og fallegt Ráðhús sem bæjarbúar geta verið stoltir af.
- Byggingin er hönnuð með sveigjanleika, þægindi og vellíðan notenda, jafnt starfsmanna og gesta, að leiðarljósi.
- Viðbygging og endurbætur taka tillit til núverandi byggingar og eru virðisaukandi fyrir umhverfi sitt og götumyndina.
- Byggingin er hönnuð með vistvænar áherslur og hagkvæmni að leiðarljósi í hvívetna, svo sem í efnisvali, skipulagi og nýtingu rýmis.

- Leitast er við að opna Ráðhúsið enn betur gagnvart umhverfinu. Ný viðbygging ásamt núverandi byggingu og endurbættri lóð munu mynda eina heild og aðkoma að húsinu mun tengjast vel aðliggjandi götum, bæði inn að miðbænum og inn að verslunar- og þjónustusvæðum við Glerárgötu.

- Áhersla er á að styrkja vistvænar samgöngur með aðlaðandi umhverfi og góðum göngu- og hjólaleiðum fyrir þá sem eru að sækja húsið heim en einnig þá sem eiga leið þar hjá.

- Húsið er meira en venjuleg skrifstofubygging með móttöku, það er staður samtals, samskipta og sköpunar.



Tengingar



Bygging og umhverfi

Lóð og umhverfi


Mikil áhersla er lögð á gagnsæi stjórnvalda og að þau séu aðgengileg og sýnileg í lýðræðissamfélögum. Þar spilar ásýnd og aðgengi að stofnunum stórt hlutverk. Ráðhúsið er hjarta stjórnsýslunnar í hverju sveitarfélagi og mikilvægt að það tengist vel inn í aðliggjandi byggð og sé hluti af samfélaginu. Með nýrri viðbyggingu Ráðhússins á Akureyri og endurbætttri og breytttri lóð tengjast bæjarhlutar betur saman: Eyrin, gamli miðbærinn og ný verslunar- og þjónustusvæði við Glerárgötu og Glerártorg.

Endurbætt lóð gerir ráð fyrir tvenns konar aðkomu fyrir akandi umferð, annars vegr frá Gránufélagsgötu og hins vegar frá Smáragötu þar sem aðal aðkoma gesta verður. Fjöldi bílastæða er samtals 72 og frá þeim eru góðar gönguleiðir að

byggingu. Hleðslustöðum er hægt að koma fyrir við bílastæði eftir þörfum án þess að skerða gönguleiðir. Fyrir “mýkri” vegfarendur, hjólandi og gangandi, er hægt koma að Ráðhúsinu á öllum hliðum lóðar og áhersla er á fallegar og skjólgóðar gönguleiðir. Yfirbyggt hjólaskýli verður á vesturhlið lóðar með góðri göngutengingu að byggingu. Bílastæðin eru að mestu í jöðrum lóðarinnar og í kringum byggingarnar er garður með trjám og blómstrandi runnum. Hluti af bílastæðum er með gegndræpt yfirborð og annars staðar er yfirborðsvatn og vatn af þökum leitt á græn svæði þar sem það nýtist til að styrkja gróður og auka líffræðilega fjölbreytni. Vestan megin við Ráðhúsið er breiður, upplýstur stígur sem tengir saman Gránufélagsgötu og Smáragötu, gamla bæinn og þann nýja. Þessi stígur leiðir gesti að Ráðhúsinu og virkar einnig sem gönguleið um lóðina fyrir íbúa og “býður” alla velkomna.

Hin nýja viðbygging er staðsett norðan við núverandi byggingu og tengist henni með glerbyggingu. Viðbyggingin tekur upp form og einkenni eldri byggingarinnar og setur í nútíma búning, t.d. er nálgun í gluggasetning svipuð og í eldri byggingu, en útfærð á nútíma hátt. Gluggasetning veitir sveigjanleika í staðsetningu lokaðra skrifstofa. Hæð viðbyggingar tekur tillit til núverandi byggingar og fer ekki yfir þakkant 3. hæðar núverandi byggingar. Meginlitur viðbyggingar er ljós eins og núverandi bygging til þess að skapa gott heildaryfirbragð byggingar. Við aðalinnganginn “skýst” hluti byggingar út, stóri fundasalurinn, og tekur á móti

gestum og gerir innganginn sýnilegan. Torg við aðalinnganginn er í góðum tengslum við strætóstop pistöð við Glerárgötu, gestabílastæði og aðgengi fyrir alla er tryggt með sléttu yfirborði og þreplausum inngangi. Á torginu er pláss fyrir bekki, hjólagrindur og blómaker en einnig skúlptúr eða gosbrunn, sem eykur á upplifun bæði þeirra sem heimsækja húsið og þeirra sem eiga leið hjá. Vestan megin húss myndar nýbyggingin með núverandi byggingu skjólsælt og sólríkt dvalarsvæði. Þar er gert ráð fyrir garði sem tengist matsalnum og inngangi starfsmanna, þar sem hægt verður að setjast út á góðviðrisdögum.



Byggingarhlutar



FLÆÐI OG INNRA SKIPULAG


Lögð er áhersla á góða og skýra aðgangsstýringu inn í húsið og gott flæði innan byggingar. Aðgangur skiptist í þrjú stig: Móttaka fyrir alla gesti sem eiga erindi í Ráðhúsið; þá tekur við svæði fyrir boðaða gesti og loks svæði sem eingöngu er ætlað starfsfólki. Allar deildir hafa svo sína eigin aðgangsstýringu.

Aðgengi fyrir alla er tryggt. Lyfta í núverandi húsi tengir 1. til 4. hæðar, en þar að auki er gert ráð fyrir nýrri einnar hæðar lyftu frá jarðhæð og niður í kjallara þar sem starfsmannaaðstaða er. Hæðarmunur er á milli nýbyggingar og eldri byggingar og er notast við skábraut til þess að brúa það bil.

Líkja má innra skipulagi byggingarinnar við bæjarfélag með götur, opinber rými, hálf-opinber rými og einka-rými. Aðal


umferðarleiðir um húsið eru skýrar og þeim tengjast öll rými hússins. Jafnt innan deilda sem utan þeirra eru rými til óformlegra mannamóta. Sem dæmi má nefna, að þá mætast flestallir notendur byggingarinnar á Torginu á jarðhæð eða í tengibyggingu. Kaffihorn eru flest staðsett utan deilda, en það stuðlar að samtali á milli mismunandi deilda. Fundaherbergi til sameiginlegrar notkunar eru staðsett á jarðhæð þar sem tengibygging mætir eldri byggingu, en það ýtir undir hreyfingu og snertifleti milli starfsfólks. Innan deilda er gert ráð fyrir rýmum til hvíldar eða vinnu í næði og á 1. og 2. hæð er gert ráð fyrir bókasafni, aðgengilegt öllu starfsfólki, þar sem hægt er að vinna í næði. Leitast er við að skipta opnum vinnurýmum upp í minni einingar til þess að skapa næði og minnka áreiti, s.s. hljóð o.fl.

Flæði / aðgengi



- Almenningur
- Boðaðir gestir / starfsfólk
- Starfsfólk
- Starfsfólk innan sviða

Svið



- Umhverfis- og mannvirkjasvið
- Fræðslusvið
- Skipulagssvið
- Bæjarstjóri
- Fjársýslusvið
- Samfélagssvið
- Velferðarsvið
- Stjórnsýslusvið

Sameiginleg



- Fundaherbergi
- Matsalur / kaffihorn
- Skjalageymsla / ljósritun / prentun
- Bókasöfn
- Afþreying
- Salerni / sturtur

Jarðhæð

Viðbygging: Einn aðalinngangur er fyrir alla bygginguna á norðurhlið hússins. Allir gestir koma fyrst við í móttökunni og geta fengið afgreiðslu hjá starfsmanni, en þeir gestir sem eiga bókað viðtal við starfsmann er hleypt inn á “Torgið”, sem er hjarta byggingarinnar. Þannig er öryggi tryggt og nýting á starfskrafti. Fyrir miðju Torgsins er gróðurveggur sem gefur rýminu hlýleika og karakter, hann vísar einnig í gróðursældina sem Akereyrbær er þekktur fyrir. Mötuneytið er staðsett við hliðina á stóra fundarsalnum og hægt er að tengja rýmin saman fyrir stærri viðburði. Í mötuneytinu er rýmið brotið upp og notaleg stemmning getur ríkt. Sterk sjónræn tengsl eru við garðinn og einnig er gert ráð fyrir því að hægt sé að borða úti þegar veður leyfir. Inngangur í eldhúsið samnýtist flóttastigahúsinu, en þar er möguleiki á að nýta rými undir stiga sem geymslu.

Brúttóstærð: 423 m²

Núverandi bygging: Aðalinngangi verður lokað og skábraut fyrir framan húsið

fjarlægð. Í stað inngangs er stór gluggi settur í fyrir stærsta fundarherbergið í eldri byggingu. Starfsmannainngangur verður á austurhlið þar sem aðalinngangur var upphaflega í húsinu. Norðvestan megin á húsinu er gert ráð fyrir starfsmannainngangi þar sem aðgengi fyrir alla er tryggt.

Björt og glæsileg tengibygging opnast í átt að viðbyggingu og tengir byggingahlutana saman á þremur hæðum. Fundarýmin og bókasafn sem staðsett eru við tenginguna eru ætluð öllum deildum Ráðhússins til samnýtingar. Miðlæg skjalageymsla er staðsett á jarðhæð, aðgengileg þeim deildum sem á þurfa að halda. Skjalageymslunni er skipt upp eftir deildum og þannig aðgangsstýrð. Stór hluti velferðardeildar er staðsettur á jarðhæð, en þar eru vinnustöðvar fyrir 28 starfsmenn. Þar af eru 10 lokaðar skrifstofur fyrir samtals 12 manns og tvö opin vinnurými fyrir samtals 16 manns. Hægt er að sameina skrifstofur eða hólfa niður eftir þörfum.

Brúttóstærð: 765 m²

Samtals jarðhæð: 1.188 m²



Grunnmynd 1. hæð, mkv. 1:750



Grunnmynd 1. hæð, mkv. 1:350



Torgið, þar sem tengibygging og nýbygging mætast

2. hæð

Viðbygging: Í opnu rými tengibyggingar er kaffihorn staðsett fyrir framan stjórnarsýslusviðið. Inni á deildinni eru samtals 28 starfsstöðvar, þar af eru fjórar lokaðar skrifstofur. Opnum vinnurýmum er skipt niður í þrjá hluta til þessa að skapa notalega vinnustemmingu. Fyrir miðju er aðstaða til ljósritunar/prentunar og síma- og hvíldarherbergi.
Brúttóstærð: 405 m²

Núverandi bygging:
Austan megin í húsinu, á milli núverandi stigahúss og tengibyggingar, eru snyrtingar, kaffihorn og ljósritun/prentun aðgengileg öllu starfsfólki á hæðinni. Þar að auki er “bókasafn”, þar sem allt starfsfólk getur bókað tíma til þess að vinna í næði. Samfélagssvið er á hæðinni þar sem gert er ráð fyrir 10 vinnustöðvum, símaherbergi, fundaherbergi og lítilli

geymslu. Hluti velferðarsviðs er á 2. hæð, en þar er gert ráð fyrir 16 vinnustöðvum, þar af 8 skrifstofum. Þessi hluti deildarinnar hefur aðgang að síma- og fundaherbergjum, ásamt hvíldarsvæði.
Brúttóstærð: 492 m²

Samtals 2. hæð: 897 m²

3. hæð

Viðbygging: Í opnu rými tengibyggingar er kaffihorn staðsett fyrir framan fjársýslusvið og skrifstofur bæjarstjóra. Inni á deild fjársýslusviðs eru 18 starfsstöðvar, þar af eru sex lokaðar skrifstofur. Opnum vinnurýmum er skipt niður í tvo hluta til þessa að skapa notalega vinnustemmningu. Fyrir miðju er aðstaða til ljósritunar/prentunar og síma-, funda- og hvíldarherbergi. Skrifstofu bæjarstjóra er staðsett á austurhlið



Grunnmynd 3. hæð, mkv. 1:350



Grunnmynd 2. hæð, mkv. 1:350

nýbyggingar og er með gott útsýni yfir bæinn. Þar ein opin skrifstofa, lítið biðsvæði, aðgengi að símaherbergi, tvær lokaðar skrifstofur og fundarherbergi. Brúttóstærð: 372 m²

Núverandi bygging: Í norðausturhorni byggingarinnar hefur flóttastigahúsi verið komið fyrir frá fjórðu hæð. Á milli núverandi stigahúsanna beggja eru snyrtingar, kaffihorn og ljósritun/prentun aðgengileg öllu starfsfólki á hæðinni. Skipulagssvið er á hæðinni þar sem gert er ráð fyrir 10 vinnustöðvum, tveimur símaherbergjum og fundarherbergi. Á fræðslusviði eru 17 vinnustöðvar, þar af 7 lokaðar skrifstofur. Gert er ráð fyrir samnýtingu á stóru fundarherbergi á jarðhæð, en annars eru tvö minni fundarherbergi inni á deild ásamt tveimur símaherbergjum. Brúttóstærð: 492 m²

Samtals 3. hæð: 864 m²


4. hæð

Á fjórðu hæð er umhverfis- og mannvirkjasvið. Gert er ráð fyrir 24 vinnustöðvum, öllum í opnu vinnurými, en eitt stórt fundarherbergi er inni á deildinni ásamt tveimur minni fundarherbergjum og símaherbergjum. Brúttóstærð: 427 m²


Samtals 1.-4. hæð: 3.376 m²

Kjallari

Í kjallara núverandi byggingar er starfsmannaaðstaða. Gert er ráð fyrir búningsaðstöðu ásamt sturtum, í tengslum við hjólaskýli á lóð. Afþreyingarsvæði er einnig í kjallara þar sem starfsfólk getur fengið “útrás” og “leikið sér”. Brúttóstærð: 327 m²



Grunnmynd 4. hæð, mkv. 1:350



Grunnmynd kjallari, mkv. 1:350

Efnisval og tæknibúnaður

Burðarkerfi

Burðarvirki hússins verður steypar súlur, bitar og milliplötur.

Undirstöður og botnplötur verða staðsteypar og þak verður úr staðsteypu. Tengibygging verður að mestur stálvirki.

Byggingarnar verða grundaðar á bögglabergsfyllingu sem stendur á burðarhæfum botni.

Efnisval utanhúss

Lagt er til að útveggir verði úr timbureiningum til þess að ná meiri byggingarhraða. Þeir verði einangraðir með a.m.k. 150mm steinull og klæddir standandi sementstrefjaplötum að stórum hluta. Útveggir við anddyri verða klæddir með hitameðhöndlaðri timburklæðningu sem þarf ekki að yfirborðsmeðhöndla. Allar klæðningar eru viðhaldsfrjár. Þakið

er viðsnúið gróðurþak. Gluggar og hurðir eru úr ál-timbri, með álglerlistum og stærri gluggar úr áli.

Stigi og handrið

Stigi og handrið í tengibyggingu er úr stáli, flóttastigi er staðsteypur með stálhandriði.

Innveggir og gólf

Flestir innveggir eru kerfisveggir með glerveggja framhlið. Burðarveggir eru steinsteypdir.

Gólf á göngum verða teppalögð og parketlögð í öðrum rýmum. Gólf í anddyri fyrstu hæðar verður flísalagt með grágrýtis flísum.

Niðurtekin loft

Niðurtekið loft er á göngum og þar sem lagnastokkar eru, önnur loft eru klædd með 50 mm steinull og dúk.



Útlit norður, mkv. 1:400



Útlit austur, mkv. 1:400



Útlit suður, mkv. 1:400



Snið 1, mkv. 1:400



Útlit vestur, mkv. 1:400



Snið 2, mkv. 1:400



Snið 3, mkv. 1:400

Hljóðvist

Góð hljóðvist í skrifstofubyggingum er einn af þeim þáttum sem hafa hvað mest áhrif á afkastagetu starfsmanna. Áreiti frá samstarfsaðilum eða tæknibúnaði kann að hafa afgerandi áhrif á einbeitingu og hversu lengi starfsmaður getur unnið án þess að finna fyrir þreytu. Þar sem samskipti eru mikilvæg getur of hljómmikið rými eða bakgrunnshávaði minnkað skilvirkni samskipta. Einnig getur of dempað rými orðið til þess að talað mál berist ekki á milli aðila. Hugað hefur verið að hljóðvistinni við niðurröðun skrifstofa, fundarýma og opinna vinnusvæða á hverri hæð í ráðhúsinu. Hvert vinnusvæði hefur aðgang að fundarrýmum/samtalsherbergjum þar sem mögulegt er að skipta um vinnuumhverfi, taka fundi og/eða símtöl. Stærri fundarými eru aðskilin vinnusvæðunum og lágmarkar það truflun hvað varðar hávaða. Staðsetning fundarýma á hverri hæð eykur veggpláss sem nýta má undir hljóðísogandi fleti til þess að ómtímalengd í opnum vinnusvæðum standist kröfur og væntingar.

Þegar hugað er að hljóðvistinni frá upphafi hönnunar fást hagkvæmari lausnir ásamt því að hún fellur vel að annarri hönnun, bæði hvað varðar uppbyggingu byggingarhluta og tæknikerfi en ekki síður útlitslega.

LÝSING

Lögð er áhersla á að skapa gott og sjálfbært lýsingarumhverfi fyrir starfsmenn og gesti byggingarinnar sem og góða og skemmtilega lýsingu utanhúss fyrir gesti og bæjarbúa sem hentar notkun á svæðinu. Góð orkunýting og notkun á umhverfisvænum lýsingarlausnum er lykilatriði. Lýsing á lóð fylgir eftir notkun á svæðum, umferðarsvæði bíla og gangandi fólks er lýst með markvissum og klassískum hætti frá innkomu á svæðið að húsi og skapar öryggi. Lýsing á göngustíg þar sem ljósastaurar mynda breiðgötu og þjóna hlutverki sem festingar fyrir hátíðarlýsingu eða snjallpunktar fyrir framtíðarlausnir utanhúss. Lýsing er leiðandi í gegnum byggingarnar og stigarýmis á milli þeirra



Ópið vinnusvæði og funda- og símaherbergi í nýbyggingu

og lýsing á vinnusvæðum veitir birtu á vinnusvæði og almenna birtu upp í loft til að teygja góða birtu lengra inn í rýmin. Hugað er að breytilegri og heilnæmri lýsingu eftir rýmisnotkun og orkusparandi lausnum.

Fráveitulagnir

Lagt verður tvöfalt kerfi annars vegar fyrir skólplagnir og hinsvegar fyrir regnvatnslagnir.

Hitakerfi

Byggingin verður upphituð með ofnum, uppblöndun er á hitakerfi og verður hitastig á framrás hámark 70°C. Lagnir verða hefðbundnar stállagnir og pexlagnir.

Neysluvatnskerfi:

Heitt neysluvatn verður upphitað kalt vatn um varmaskipti þannig að hámarkshitastig vatns fari ekki yfir 60°C. lagnir verða plastlagnir.

Loftræsikerfi:

Loftræsikerfið verði hannað samkvæmt gildandi byggingarreglugerð og IST EN 16798 (staðall um loftgæði í atvinnuhúsnæði). Loftræsikerfið fyrir núverandi byggingu verði endurnýjað með nýjum samstæðum, varmaendurvinnslu, kælingu og nútímalegri dreifingu í íverurýmum. Miðað er við að nota sama tæknirými og stofnstokka og núverandi kerfi. Loftræsikerfi fyrir viðbygginguna verði í tæknirými og í tengigangi við nýbygginguna. Kerfið verður með varmaendurvinnslu, kælingu og stýrðu loftmagni í fundaherbergjum og óháðri stýringu á innblásturshitastigi á hverju vinnusvæði eða skrifstofu.



Garður á milli núverandi byggingar og nýbyggingar

Hagkvæmni og vistvænar áherslur
Lögð er áhersla á hagkvæmni og
vistvænar lausnir í hvívetna. Skipulag
byggingarinnar miðar að því að hámarka
nýtingu og flæði fyrir starfsfólk og gesti.
Stuttar leiðir eru innan byggingar fyrir
starfsfólk og staðsetning rýma tryggir
góða yfirsýn. Hægt er að samnýta
mörg rými, s.s. fundarými, kaffihorn og
skjalageymslur. Notast er við vistvænar
lausnir á lóð, s.s. ofanvatnslausnir á
lóð, og miðar hönnun lóðar að því að
almenningsur geti nýtt sér hana til jafns
við starfsfólk. Í efnisvali er tekið tillit
til hagkvæmni í framkvæmd og rekstri
byggingarinnar. Góð nýting er dagsbirtu,
en hver vinnustaður er ekki lengra en 5
metra frá glugga.

Heilsa og vellíðan
Mikil áhersla er lögð á góða tengingu

við umhverfi byggingarinnar, bæinn
og byggðina í kring, bæði sjónrænt og
“fýsiskt”. Gott birtuflæði er í byggingunni
og útsýni er til fjalla. Stuðlað er að
hreyfingu og samskiptum starfsfólks og
gesta bæði innan byggingar og utan, t.d.
með góðum tengingum og svæðum til
hvíldar og spjalls.

LOKAORÐ

Nýtt Ráðhús Akureyrar samanstendur
af nýrri og glæsilegri viðbyggingu,
tengibyggingu og endurbótum á núverandi
byggingu. Byggingin myndar eina heild
með góðu flæði og aðgengi. Nútímalegar
lausnir, sveigjanleiki, velferð og þægindi
starfsfólks og gesta, eru hafðar að
leiðarljósi. Nýtt Ráðhús Akureyrar verður
fyrirmyndarvinnustaður sem litið verður
til.



Rýmisáætlun fyrir Ráðhús						
Skrifstofa bæjarstjóra	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Fermetrar nettó	Heildar-stærð nettó m ²	Staðsetning í hús	Athugasemdir
Starfsmenn	3			36		2 til 3 lokað rými
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum		1	17	17		
Önnur rými						samnýtt með öðrum sviðum
Skrifstofa bæjarstjóra	3	1		53		
Stjórnsýslusvið	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Fermetrar nettó	Heildar-stærð nettó m ²		
Starfsmenn	28			237	2. hæð viðbygging	fjórar lokaðar skrifstofur
Fundarsalur		1	63	63	1. hæð viðbygging	samnýttist fyrir húsið
Mötuneyti/eldhús/ kaffibar		1	101	101	1. hæð viðbygging	samnýttist fyrir húsið
Viðtals og fundarherbergi 1		1	10	10	1. hæð viðbygging	samnýttist fyrir húsið
Viðtals og fundarherbergi 2		1	10	10	1. hæð viðbygging	samnýttist fyrir húsið
Viðtals og fundarherbergi 3		1	16	16	1. hæð viðbygging	samnýttist fyrir húsið
Viðtals og fundarherbergi 4		1	17	17	1. hæð núverandi bygging	samnýttist fyrir húsið
Viðtals og fundarherbergi 5		1	15	15	1. hæð núverandi bygging	samnýttist fyrir húsið
Einstaklingsrými/sími og fl.		3	4	12	2. hæð viðbygging	
Þjónustuanddyri		1	59	59	1. hæð viðbygging	samnýttist fyrir húsið
Aðalanddyri miðjan		1	25	25	1. hæð viðbygging	samnýttist fyrir húsið
Kaffiðstaða/kaffibar		1	13	13	2. hæð viðbygging	
Lósritun / geymsla		1	5	5	2. hæð viðbygging	
Skjalageymsla		1	34	30	1. hæð núverandi bygging	samnýta með fjársýslusviði
Stjórnsýslusvið	28	1		613		
Fjársýslusvið	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Fermetrar nettó	Heildar-stærð nettó m ²		
Starfsmenn	18			170	3. hæð viðbygging	6 lokaðar skrifstofur
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum		2		19	3. hæð viðbygging	
Einstaklingsrými/sími og fl		2	4	8	3. hæð viðbygging	
Kaffihorn/kaffibarir		1			3. hæð viðbygging	sameiginlegt
Prentun / ljósritun		1		2	3. hæð viðbygging	
Prentun/ geymsla		1			3. hæð viðbygging	sameiginlegt
Skjalageymsla		1	20	15	1. hæð núverandi bygging	samnýta með stjórnsýslusviði
Fjársýslusvið	18	8		214		

Umhverfis- og mannvirkjasvið	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Fermetrar nettó	Heildar-stærð nettó m ²	
Starfsmenn	24			254	4. hæð núverandi bygging
Fundarherbergi		1	30	30	4. hæð núverandi bygging
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum		2	10	20	4. hæð núverandi bygging
Einstaklingsrými/sími og fl		4	6	24	4. hæð núverandi bygging
Kaffihorn/kaffibarir		1	15	15	4. hæð núverandi bygging
Ljósritun, geymsla		1	3	3	4. hæð núverandi bygging
Geymsla		1			1. hæð núverandi bygging
Salerni /ræsting		4		15	4. hæð núverandi bygging
Umhverfis- og mannvirkjasvið	24	7		361	sameiginlegt
Skipulagssvið	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Fermetrar nettó	Heildar-stærð nettó m ²	
Starfstöðvar	10			98	3. hæð núverandi bygging
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum		1	8	8	3. hæð núverandi bygging
Einstaklingsrými/sími og fl		2	4	8	3. hæð núverandi bygging
Kaffihorn/barir		1			3. hæð núverandi bygging
Ljósritun / geymsla		1			3. hæð núverandi bygging
Skjalageymsla		1	18	18	1. hæð núverandi bygging
Skipulagssvið	10			132	sameiginlegt
Samfélagssvið	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Fermetrar nettó	Heildar-stærð nettó m ²	
Starfsmenn	10			98	2. hæð núverandi bygging
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum		1	10	10	2. hæð núverandi bygging
Einstaklingsrými/sími og fl		1	4	4	2. hæð núverandi bygging
Kaffihorn/ kaffibarir					2. hæð núverandi bygging
Ljósritun, geymsla		0	4	0	2. hæð núverandi bygging
Samfélagssvið	10			112	sameiginlegt
Fræðslusvið	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Fermetrar nettó	Heildar-stærð nettó m ²	
Starfsmenn	17			170	3. hæð núverandi bygging
Stórt fundarherbergi 16-20		1			1. hæð núverandi bygging
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum		2	8	16	3. hæð núverandi bygging
Einstaklingsrými/sími og fl		2	4	8	3. hæð núverandi bygging
Kaffihorn/kaffibarir		0		0	3. hæð núverandi bygging
Ljósritun, geymsla		1			3. hæð núverandi bygging
Geymsla		1	18	18	1. hæð núverandi bygging
Fræðslusvið	17	5		212	sameiginlegt

Velferðarsvið	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Fermetrar nettó	Heildar- stærð nettó m ²	
Starfsmenn	26			256	1. hæð núverandi bygging
Starfsmenn	16			158	2. hæð núverandi bygging
Fundarherbergi stærra		1	45	45	1. hæð núverandi bygging
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum		3	10	30	1. hæð núverandi bygging
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum		2	8	16	2. hæð núverandi bygging
Einstaklingsrými/sími og fl		2	6	12	1. hæð núverandi bygging
Einstaklingsrými/sími og fl		4	4	16	2. hæð núverandi bygging
Kaffihorn/kaffibar		1	23	23	1. hæð núverandi bygging
Ljósritun, geymsla		1	30	30	1. hæð núverandi bygging
Velferðarsvið	42	14		586	
Sameiginlegt		Fjöldi	Fermetrar nettó	Heildar- stærð nettó m ²	
Geymsla		2		12	Kjallari
Afþreying		2		57	Kjallari
Búningsaðstaða, salerni, sturtur, munaskápar		2		44	Kjallari
Salerni		1	5	5	Kjallari
Ræstimiðstöð		1	7	7	Kjallari
Salerni		2		37	1. hæð
Bókasafn (einbeiting)		1	21	21	1. hæð núverandi bygging
Hvíldarherbergi		1	9	9	1. hæð núverandi bygging
Salerni		2		17	2. hæð
Ljósritun, geymsla		1	13	13	2. hæð núverandi bygging
Bókasafn (einbeiting)		1	19	19	2. hæð núverandi bygging
Kaffihorn/kaffibar		2	41	41	2. hæð
Salerni		2		17	3. hæð
Ljósritun, geymsla		1	13	13	3. hæð núverandi bygging
Kaffihorn/kaffibar		2	41	41	3. hæð
Sameiginlegt fyrir utan kjallara		15		228	
Sameiginlegt með kjallara		23		353	

Heildarnettóstærð fyrir utan kjallara, umferðarrými o.fl.	152			2.511	
Heildarnettóstærð með kjallara fyrir utan umferðarrými o.f	152			2.636	
Nettórými á starfsmann fyrir utan umferðarrými o.fl.	17,3				
Núverandi bygging brúttóstærð (veggir, umferðarrými o.fl.) fyrir utan kjallara	2.176				
Núverandi bygging brúttóstærð (veggir, umferðarrými o.fl.) með kjallara	2.503				
Viðbygging brúttóstærð (veggir, umferðarrými o.fl.)	1.200				
Heildarbrúttóstærð núverandi - og viðbygging fyrir utan kjallara	3.376				
Heildarbrúttóstærð núverandi - og viðbygging með kjallara	3.703				
Brúttórými á starfsmann fyrir utan kjallara	22,2				
Brúttórými á starfsmann með kjallara	24,4				